



Viðauki við gjaldskrá um greiðslu gatnagerðargjalds, um breytta gjalddaga gatnagerðargjalds í Skógarhverfi 3C

Bæjarráð samþykkir tímabundið, í samræmi við 4. gr. gjaldskrár um gatnagerðargjald, til að auka eftirspurn eftir lóðum, að heimilt verði að dreifa greiðslum byggingarréttar- og gatnagerðargjalds, vegna úthlutunar byggingarlóða í Skógarhverfi 3C, á eftirfarandi hátt:

Hlutfall af gatna- og byggingarréttargjaldi viðkomandi lóðar:

25% innan mánaðar frá lóðaúthlutun.

25% við veitingu byggingarleyfis, þó að hámarki eitt ár frá úthlutun lóðar.

50% eftir tvö ár frá úthlutun lóðar.

Heimildin tekur til lóða sem úthlutað er á tímabilinu 1. nóvember 2025 til og með 31. ágúst 2026. Gjöld skulu verðbætt m.t.t. byggingarvísitölu hverju sinni.

Eftir 31. ágúst 2026, skulu gjalddagar vera samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald í Akraneskaupstað. Gera þarf samninga um dreifingu gjaldanna við lóðarhafa og tryggja veðstöðu gjaldanna með tryggingarbréfi á 1. sta veðrétti í viðkomandi lóð.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt í bæjarráði þann 8. janúar 2026

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 15. janúar 2026.

F.h. Akraneskaupstaðar


Haraldur Benediktsson,
bæjarstjóri